



# Frá liðum til setninga:

Breytingar á fylliliðum álits- og talsagna í þolmynd

Eiríkur Rögnvaldsson

Háskóla Íslands

Íslensku- og menningardeild





# Útdráttur

- Setningagerðin **þolfall með nafnhætti** var til þegar í fornu máli.
- Þegar slíkum setningum er snúið í þolmynd verður þolfallsliðurinn að frumlagi aðalsetningar, en nafnháttarsetningin verður fylliliður með lýsingarhætti þátíðar (*Hún er talin vera rík*).
- Slíkar setningar koma ekki fyrir í fornu máli. Þar taka lýsingarhættir álits- og talsagna eingöngu með sér sagnlausa fylliliði.
- Það er ekki fyrr en á 18. öld sem sagnir fara að koma fyrir í fylliliðum þessara lýsingarháttanna – fyrst *vera*, en síðan aðrar sagnir.
- Á seinni hluta 19. aldar og framan af þeirri 20. er nafnháttarmerkið *að* iðulega haft í þessari setningagerð (*Hún er talin að vera rík*), einkum í vesturíslensku, en er nú alveg horfið.
- Í erindinu verður reynt að varpa ljósi á þessa breytingu og tilbrigði í henni – upptök, eðli og útbreiðslu.



# Heimildir

- Ýmis gagnasöfn voru nýtt til dæmaleitar:
  - Safn 19. aldar einkabréfa ([brefasafn.arnastofnun.is](http://brefasafn.arnastofnun.is))
  - Tímarit.is, safn blaða og tímarita frá 19.-21. öld
  - Bækur.is, bækur frá 18. og 19. öld
  - Íslenskt textasafn
  - Ritmálssafn Orðabókar Háskólans
  - Mörkuð íslensk málheild
  - Sögulegi íslenski trjábankinn, IcePaHC
  - Netútgáfan, ýmsir textar (einkum skáldsögur)



## Þolfall með nafnhætti so. *vera* í fornu máli

- Nafnliðir með og án *vera*
  - Njáll sagði [hann vera [<sub>NL</sub> hinn mesta afreksmann]].
  - og sögðu [hann [<sub>NL</sub> frænda sinn]].
- Lýsingarorðsliðir með og án *vera*
  - en taldi [hann vera [<sub>LL</sub> frjálsan]].
  - Þeir sögðu [hana [<sub>LL</sub> heila]].
- Forsetningarliðir og atviksliðir með og án *vera*
  - Þau sögðu [<sub>FL</sub> hana vera [á fóstri hjá Ólöfu]].
  - sagði [hann [<sub>AL</sub> vestan af Írlandi]].



## Þolfall með nafnhætti annarra sagna

- Allmörg dæmi með *hafa*
  - Telur Kormákur [Bersa hafa svikið sig].
  - telur [hana hafa brugðist sér].
  - sagði [hann drengilega hafa eftir sótt].
  - Hann sagði [hann hafa viljað fjallskerða konu sína].
- Fáein dæmi með öðrum sögnum
  - og telur [hann eiga verða sekjan fjörbaugsmann].
  - En Spak-Bessi sagði [það valda svo langri hríð].
  - og sögðu [hana ráða öllu því er hún vildi].
  - Ingólfur sagði [þá báða fara skyldu].



## Polmynd af lyftingarsögnum

- I L[ærd] S[til] kan stundom (ved verber, som betyder iagttagelse, mening og udsagn), naar udsagnet gjøres om til passiv, subjektet i akk. med inf. blive subjekt for hovedverbet, og inf. føies udfyldende dertil.
  - Þá var honum Konraðr dauðr sagðr.
- Isteddenfor den [ovenfor] omtalte udtryksmaade bruges i F[olkelig] S[til] enten aktiv form [...] eller til passivt udtryk føies en at-sætn.
  - Nygaard (1905:233)



# Nefnifall með nafnhætti í þolmynd

- Nafnliðir
  - Sá var honum sagður [<sub>NL</sub> frændi Sörla].
  - Er oss Þorvarður sagður [<sub>NL</sub> hinn mesti ofsamaður].
- Lýsingarorðsliðir
  - Mér ertu sagður [<sub>LL</sub> stórlátur og fégjarn].
  - og var sagður [<sub>LL</sub> manna fróðastur].
- Forsetningarliðir og atviksliðir
  - Er hann þar talinn [<sub>FL</sub> með landnámsmönnum].
  - að Grettir var af<sub>i</sub> sagður [<sub>FL</sub> t<sub>i</sub> eftirmálinu].



## Nefnifall með nafnhætti í nútímamáli

- *Nefnifall með nafnhætti* er notað (í lærðum stíl fornmálsins og í nýmálinu), þegar gjörmyndarsetning í þf. með nh. er gerð að þolmyndarsetningu. [...] Nafnh. nútíðar af *vera* er mjög oft slept.
- Þannig má nú nota sagnirnar *halda, segja, kalla, telja, biðja*, en af *sjá* og *heyra* er vanal. notuð miðmynd með þolmyndarmerkingu [...], og ella ýmist gjörmynd eða þolmynd með að-setningu, eins og í alþýðustíl fornmálsins [...]  
– Jakob Jóh. Smári (1920:159-160)





## Sagnlausir fylliliðir

- Engin dæmi í fornu máli um sögn í fylliliðnum
  - \*Sá var honum sagður [vera frændi Sörla].
  - \*Bersi var talinn [hafa svikið hann].
  - \*Hún var sögð [ráða öllu því er hún vildi].
- Elstu dæmi um sögn frá fyrri hluta 18. aldar
  - hefur staðurinn fyrir meir en 20 árum verið **álitinn að vera** verður fyrir 1x (*Jarðabók ÁM og PV 10*, um 1712)
  - Flæðarmús [...] er **sögð vera** í hátt sem almenn land mús. (*Jón úr Grunnavík Icthyographia Islandica 1737*)



## Dæmum um (*að*) *vera* í fyllilið fjölgar

- Dæmi frá því um og upp úr 1800
  - þegar vörzlu- eða borgunar-madurinn væri annars **álitinn** af hreppstjórum **at vera** fullvedia fyrir slíku. (*Rit Lærdómslistafélagsins 13 1792*)
  - Allt fyrir það var Ísland laungu fyrir þann tíma **álitð að vera** því nær óbyggjanda. (*Hannes Finnsson, Mannfækkun af hallærum 1796*)
  - og **álitin ad vera** með ljúffengasta kjötmat. (*Minnisverð tíðindi 1805*)
  - gosið kom úr jökulhvilft þeirri, hvar Katla er **sögð vera**. (*Sveinn Pálsson, Safn IV, um 1823*)



## Aðrar sagnir en *vera* í fyllilið

- Aðrar sagnir fara að sjást um 1840
  - og hafa verið **álitnir að hafa** ástæðu til að fara í mál. (*Tíðindi* 1839-1841)
  - þarsem hlutaðeigendur hingaðtil einir hefðu verið **álitnir að eiga** sókn á þeim. (*Tíðindi* 1839-1841)
  - að hann er nú **sagður liggja** lágt. (*Gestur Vestfirðingur* 1850)
  - er **sagður** í 38. ár **að hafa** gegnt hreppstjórnar störfum. (*Þjóðólfur* 1854)
  - Tún jarðarinnar [...] eru **sögð að gefa** af sér 140 hesta. (*Skýrslur um landshagi* 1861)



## álitinn, sagður, talinn með ýmsum sögnum

	vera	hafa	aðrar	samtdals
1830-1839	1			1
1840-1849	1			1
1850-1859			1	1
1860-1869				0
1870-1879	4		2	6
1880-1889	1	2	4	7
1890-1899	13	14	18	45
samtdals	20	16	25	61

	að vera	að hafa	að+aðrar	samtdals
1830-1839		1	3	4
1840-1849		1		1
1850-1859	6	3	3	12
1860-1869	11	2	5	18
1870-1879	26	6	2	34
1880-1889	30	14	13	57
1890-1899	85	27	29	141
samtdals	158	54	55	267

- *vera* kemur fyrst og er langalgengust
- Síðan kemur *hafa*
- Svo aðrar sagnir
- Myndir með *að* miklu algengari fram yfir 1900
- Hlutfall af heildar-textamagni helst svipað þann tíma



## *álitinn að, sagður að, talinn að*

- Dæmum um *að* fækkar smátt og smátt á 20. öld
  - Veðurhraðinn er **talinn að** hafa verið 60 til 70 mílur á kl.tíma. (*Heimskringla* 1903)
  - Þorbjörg er **sögð að** hafa verið greind kona og myndarleg. (*Lesbók Morgunblaðsins* 1934)
  - Hann var **álitinn að** vera umskiptingur. (*Tíminn Sunnudagsblað* 1965)
  - Jóhannes Jónsson kaupmaður í Bónus hefur verið **sagður að** selja vörur undir heildsöluverði. (*Morgunblaðið* 1991)




## Tveir síðustu að-mennirnir

- Benedikt Gíslason f. 1894
  - Höfundurinn er **talinn að** vera glímumaður góður. (1961)
  - hann er **talinn að** búa í Hofteigi. (1964)
  - eins og faðir hans var **talinn að** vera. (1966)
  - Ari sterki er **talinn að** eiga eina dóttur. (1973)
- Jóhann J.E. Kúld f. 1902
  - Þessi afli er **talinn að** nægi til þess að greiða útgerðarkostnað skipsins. (1966)
  - Kassafiskurinn er **sagður að** hafa sannað ótvíræða kosti. (1968)
  - er þorskaflinn á árinu 1980 **talinn að** hafa farið niður í 280 þús. tonn. (1981)




# *álitinn að vera, sagður að vera, talinn að vera*






## álitinn/sagður/talinn vera, með og án að











# *álitinn/sagður/talinn vera, með og án að*





# Samanburður





# Dreifing dæma á Tímarit.is til 1929

## • *álitinn/álitin vera*

- > [Gjallarhorn](#) (16)
- > [Morgunblaðið](#) (11)
- > [Austri](#) (8)
- > [Heimskringla](#) (6)
- > [Vísir](#) (5)
- > [Fram](#) (2)
- > [Morgunblaðið](#) (4)
- > [Alþýðublaðið](#) (4)
- > [Heimskringla](#) (3)
- > [Suðurland](#) (3)
- > [Lögrétta](#) (3)
- > [Lögberg](#) (3)

## • *sagður/sögð vera*

- > [Morgunblaðið](#) (13)
- > [Ísafold](#) (9)
- > [Lögberg](#) (9)
- > [Þjóðviljinn + Þjóðviljinn ungi](#) (8)
- > [Búnaðarrit](#) (7)
- > [Lögrétta](#) (5)
- > [Morgunblaðið](#) (9)
- > [Ísafold](#) (7)
- > [Lögberg](#) (5)
- > [Austri](#) (5)
- > [Árbók Hins íslenska fornleifafélags](#) (5)
- > [Lögrétta](#) (5)

## • *talinn/talin vera*

- > [Morgunblaðið](#) (25)
- > [Vísir](#) (16)
- > [Ísafold](#) (16)
- > [Íslendingur](#) (14)
- > [Alþýðublaðið](#) (10)
- > [Lögberg](#) (9)
- > [Morgunblaðið](#) (54)
- > [Vísir](#) (38)
- > [Alþýðublaðið](#) (18)
- > [Íslendingur](#) (15)
- > [Ísafold](#) (14)
- > [Dagur](#) (13)

## • *álitinn/álitin að vera*

- > [Lögberg](#) (47)
- > [Heimskringla](#) (32)
- > [Tíminn](#) (3)
- > [Norðanfari](#) (3)
- > [Nýjar kvöldvökur](#) (3)
- > [Austri](#) (3)
- > [Lögberg](#) (28)
- > [Heimskringla](#) (28)
- > [Morgunblaðið](#) (9)
- > [Vísir](#) (7)
- > [Dvöl](#) (5)
- > [Austri](#) (5)

## • *sagður/sögð að vera*

- > [Lögberg](#) (86)
- > [Heimskringla](#) (21)
- > [Austri](#) (6)
- > [Syrpa](#) (4)
- > [Ísafold](#) (3)
- > [Vísir](#) (3)
- > [Lögberg](#) (52)
- > [Heimskringla](#) (43)
- > [Skýrslur um landshagi á Íslandi](#) (20)
- > [Alþýðublaðið](#) (2)
- > [Árbók Hins íslenska fornleifafélags](#) (2)
- > [Tíminn](#) (2)

## • *talinn/talin að vera*

- > [Lögberg](#) (81)
- > [Heimskringla](#) (47)
- > [Morgunblaðið](#) (22)
- > [Ægir](#) (16)
- > [Búnaðarrit](#) (15)
- > [Eimreiðin](#) (11)
- > [Lögberg](#) (118)
- > [Heimskringla](#) (58)
- > [Morgunblaðið](#) (29)
- > [Búnaðarrit](#) (29)
- > [Tíminn](#) (16)
- > [Vísir](#) (15)



## Lyfting úr mismunandi setningagerðum

- Þolmynd og frumlagslyfting í nútímamáli
  - \_\_\_ er sagður [hann vera ríkur].
  - Hann<sub>i</sub> er sagður [t<sub>i</sub> vera ríkur].
- Þolmynd og frumlagslyfting með *að*
  - \_\_\_ er sagður [að [hann vera ríkur]].
  - Hann<sub>i</sub> er sagður [að [t<sub>i</sub> vera ríkur]].
- Þolmynd og lyfting úr smásetningu
  - \_\_\_ er sagður [<sub>SS</sub> hann ríkur].
  - Hann<sub>i</sub> er sagður [<sub>SS</sub> t<sub>i</sub> ríkur].



## Dönsk áhrif - ensk styrking?

- Fylliliður án sagnar
  - Hann er sagður/talinn [veikur].
  - \*Han siges/menes [syg].
  - \*He is said/believed [ill].
- Fylliliður með sögn og *að*
  - Hann er sagður/talinn [(að)/e hafa verið veikur].
  - Han siges [at/\*e have været syg].
  - He is said/believed [to/\*e have been ill].



## Nefnifall í stað aukafalls

- Nefnifall með aukafallsfrumlagssögn í fyllilið
  - Kona sem tjáir sig á kvenlegan hátt er **sögð vanta** sjálfstraust og ef hún talar af miklu sjálfstrausti þá er hún **sögð vanta** allan kvenleika.
  - Jaðarbúnaður með tölvunum var einnig **talinn vanta**.
  - Hann er **sagður langa** afskaplega mikið til að verða forsetaefni demókrata.
  - Leikkonan er **sögð dreyma** um að eignast börn en það tók eiginmaðurinn ekki í mál.
  - þar sem hann er **sagður líka** vel við Baug.



# Endurtúlkun?

- Þolmynd og frumlagslyfting
  - \_\_\_ er sagt [honum líka vel við Baug].
  - Honum<sub>i</sub> er sagt [t<sub>i</sub> líka vel við Baug].
- Endurtúlkun sem stýrinafnhættir?
  - Hann<sub>i</sub> er sagður [FOR<sub>i</sub> líka vel við Baug].
- Er þetta ný málbreyting?
  - erfitt að segja til um aldur
  - nær engin dæmi finnast um lyftingu aukafalls



## Hvað gerðist?

- Álits- og talsagnir í þolmynd tóku smásetningar  
– sem fylliliði, en ekki setningar með sögn
- Þetta breyttist á 18. öld  
– þá fóru sagnirnar að taka setningar með sögn
- Nafnháttarmerkið *að* fylgdi mjög oft með  
– einkum í vesturíslensku, en er nú alveg horfið
- Nú má finna dæmi um breytta setningagerð  
– lyftingarsagnir endurtúlkaðar sem stýrisagnir?
- Ekki eru öll kurl komin til grafar . . .





Takk fyrir áheyrnina!

[eirikur@hi.is](mailto:eirikur@hi.is)